


SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA OG REIKNINGAR



36. siglingaþing
22. febrúar 2009

SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöð Laugardal, 104 Reykjavík
Sími: 514-4210 Fax: 514-4001
E-mail: sil@isisport.is



Efnisyfirlit

Dagskrá siglingaþings

Fulltrúar héraðssambanda

Skýrsla formanns

Skýrslur:

Norrænt samstarf

Norræna siglingasambandið

Fræðsla og menntun

Alþjóða siglingasambandið

Seglanúmer

Breytingar á lyfjalöggjöf

Úrslit móta

Lög SÍL

Ársreikningar 2008

Skýrsla 36. siglingaþings gerð í febrúar 2009

Umbrot Úlfur H. Hróbjartsson

Höfundar efnis

Úlfur H. Hróbjartsson

Hörður E. Finnbogason

Skúli Skúlason

Prentun
Skrifstofa ÍSÍ

Dagskrá 36. siglingaþings

Haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal
22. febrúar 2009

1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari.
5. Kosning þingnefnda:
 - a. Fjárhagsnefnd 3 manna.
 - b. Laga- og leikreglnanefnd 3 manna.
 - c. Allsherjarnefnd 3 manna.
6. Lögð fram skýrsla stjórnar.
7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
8. Umræður og samþykkt reikninga.
9. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
10. Lagabreytingatillögur.
11. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.
12. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.
13. Þingnefndir starfa
14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
15. Tillögur fjárhagsnefndar
16. Kosningar:
 - a. Stjórn og varastjórn, sbr 10. gr.
 - b. 2 skoðunarmenn.
 - c. Fulltrúa á íþróttaping í samræmi við reglur ÍSí samkvæmt iðkenda fjölda síðastliðins starfsárs.
17. Þingslit.

Fulltrúar á 36. siglingaþingi

Fulltrúafjöldi héraðssambanda:

Héraðssamband	Iðkendur	Fulltrúar
Íþróttabandalag Reykjavíkur Brokey, siglingafélag Reykjavíkur Kajakklúbbur Reykjavíkur Róðrarfélagið Stafninn	556	14
Ungmennafélag Kjalarnesþings Siglingafélagið Ýmir	230	7
Íþróttabandalag Akureyrar Siglingafélagið Nökkvi	51	4
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar Siglingaklúbburinn Pytur	429	11
Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu Siglingadeild Snæfells		
Héraðssamband Vestfjarða Siglingafélagið Sæfari	157	6
Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands Kajakklúbburinn Kaj		
Alls	1.423	42

Stjórn SÍL Kjörin á 35. siglingaþingi

Formaður:	Úlfur H. Hróbjartsson
Varaformaður:	Niels Chr. Nielsen
Ritari:	Kristín Pálsdóttir
Gjaldkeri:	Ólafur Njáll Sigurðsson
Meðstjórnandi:	Trausti Ávarsson
Varastjór:	Þorsteinn Guðmundsson
Varastjór:	Pétur Th. Pétursson
Varastjór:	Rúnar Þór Björnsson
Heiðursformaður:	Ari Bergmann Einarsson



Ávarp formanns



Ágætu félagar

Ég býð ykkur velkomin á 36. siglingaþing. Að baki er undarlegt ár og má segja að við höfum rétt náð að klára keppnistímabilið áður en botninn datt úr íslensku samfélagi. Aldrei þessu vant þá kom smæðin okkur til góða þegar spilaborgin féll því siglingasambandið hefur ekki nema að litlu leyti reitt sig á styrki frá

atvinnulífinu. Ástandið kemur verst við stærri sambönd og íþróttafélög. Staða Siglingasambandsins er því nokkuð góð.

Undanfarið hefur stjórn SÍL einbeitt sér að því að búa til verkfæri og þjálfarannskap til að sinna útbreiðslu og kennslu. Megináherslan hefur verið á skútusiglingar og hefur kayak og róður orðið nokkuð útundan í því starfi.

Fræðslumál

Siglingar eru með flóknari íþróttagreinum sem fyrirfinnast. Ekki aðeins eru leikreglur flóknar heldur er það eitt að koma bátinum áfram flókið fyrirbæri.

Á vormánuðum komu út tvær bækur á vegum sambandsins. Fyrst er að nefna bókina „Sigldu betur“ sem er framhald bókarinnar „Byrjaðu að sigla“ sem kom út árinu áður. Báðar þessar bækur eru þýðingar á bókum Breska siglingasambandsins RYA. Einnig gaf SÍL út bókina „Siglingabókin mín“ sem er loggbók fyrir börn og unglunga sem sækja siglinganámskeið. Í bókina geta nemendur skráð hjá sér siglingar og unnið sér inn stig eftir kunnáttu. Á þennan hátt hafa þau eitthvað til að stefna að auk þess að hafa í höndum gagn um kunnáttu sína.

Loggbókin nýtist einnig þeim sem kenna siglingar til að halda utan um námskeið sín og sem námsskrá um það efni sem kenna þarf. Bókin er unnin upp úr samskonar bók RYA.

Samhliða útgáfu bókanna var námsskrá SÍL, sem er samhliða þeim áherslum sem eru í kennslubókum SÍL og loggbókinni, sett á vef sambandsins.

Þjálfaranámskeið

Á vormánuðum var haldið þjálfaranámskeið og mæltist það vel fyrir. Alls sóttu 12 manns námskeiðið hvaðanæfa að af landinu. Kennend voru undirstöðuatriði siglingakennslu. Námsefnið er að finna á heimasiðu Siglingasambandsins með góðfúslegu leyfi Óttarrs Hrafnkelssonar. Kennsla fór fram í félagsheimili Þyts í Hafnarfirði og fengu nemendur báta til verklegrar kennslu hjá klúbbum. Leiðbeinendur á námskeiðinu voru þeir Óttarr Hrafnkelsson hjá ÍTR og Hörður Elís Finnbogason hjá Nökkva. Þrátt fyrir námskeiðið í vor þá er enn skortur á þeim sem vilja leiðbeina börnum og unglungum um fyrstu skrefin í siglingum. Á árinu var líka veittur styrkur fyrir tvo leiðbeinendur Brokeyjar til að sækja siglingakennslunámskeið hjá RYA í Bretlandi.

Kænustarf

Líkt og á síðasta ári voru fjölmargir sem nýttu sér barna og unglunga-

starf siglingafélaganna. Í Hafnarfirði bauð Þytur öllum 11 ára grunnskólanemum að koma og kynna siglingum í hálfan dag. Alls tóku 33 siglarar þátt í Íslandsmeistaramóti kæna sem haldið var á Ísafirði í ágúst. Þar var keppt á Optimist, Laser og Topper Topaz. Siglingasambandið sá um flutningskostnað vegna mótsins og nýtti til þess styrk frá Eimskipafélagi Íslands auk þess að greiða það sem upp á vantaði.

Siglingafélag Akureyrar er enn í fararbroddi hvað varðar fjölda keppenda á kænum og vonandi er það hinum félögum hvatning til að gera betur. Kænur eru þó ekki aðeins fyrir börn og unglunga og væri gaman að sjá eldri þátttakendur í kænustarfi félaganna.

Norrænt samstarf.

Í sumar var haldin ráðstefna á vegum norrænu íþróttasambandanna að Laugarvatni. Meginyfirskrift ráðstefnunnar var „Brottfall úr íþróttum“. Nokkrum útvöldum íþróttagreinum var boðið að taka þátt í ráðstefnunni og þar á meðal voru siglingar. Þrjú fulltrúar SÍL voru á ráðstefnunni, Bergþór Jónsson fulltrúi iðkenda, Hörður Finnbogason fulltrúi þjálfara og Úlfur H. Hróbjartsson fulltrúi stjórnar SÍL. Auk fjölmargra áhuga-verðra fyrirlestra voru samráðsfundir íþróttagreina þar sem menn báru saman bækur um vandamál sín og lausnir. Þrátt fyrir að aðstæður væru mismunandi í öllum löndunum þá voru mörg vandamál sameiginleg. Því var afráðið að halda áfram samráði og var því haldinn framhaldsfundur hjá siglingamönnum í október. Hörður Finnbogason sótti þann fund sem haldinn var í Kaupmannahöfn og má lesa nánar um hann í skýrslu hans.

Formaður sótti tvo fundi Norræna siglingasambandsins á árinu, annan í Kaupmannahöfn og hinn sem haldinn var samhliða þingi Alþjóða siglingasambandsins í Madrid. Það mál sem hæst bar hjá Norræna siglingasambandinu snéri að kosningu nýrrar framkvæmdastjórnar ISAF og val báta á Ólympíuleikana 2012. Einnig var rætt um norrænt samstarf um æfingabúðir og norræn mót. Meðal þess sem áunnist hefur er að íslenskir siglingamenn eiga þess nú kost að taka þátt í kænumótum á norðurlöndum án þess að hafa með sér bát. Auðveldar þetta mjög þátttöku okkar í mótum á Norðurlöndum.

ISAF

Ársþing Alþjóðasiglingasambandsins ISAF var haldið í Madrid á Spáni síðastliðinn nóvember. Þau mál sem hæst bar á þinginu var val á bátum fyrir Ólympíuleikana 2012 og kosning nýrra nefnda og framkvæmdastjórnar. Páll Hreinsson sem starfað hefur í Regional Games Committee lét nú af störfum en Birgir Ari Hilmarsson tekur hans sæti í nefndinni. Um leið og við þökkum Páli fyrir hans framlag óskum við Birgi velfarnaðar í starfi.

Youth world

Af erlendum vettvangi er það líka að fréttu að Bergþór Jónsson tók þátt í heimsmeistaramóti unglunga á Laser sem fram fór í Árósum í Danmörku. Lenti hann í 44. sæti af 45. Var þetta fyrsta stórmótið sem hann tók þátt í og kemur sú reynsla honum eflaust vel.

Kjölbátar

Um síðustu áramót gengu í gildi lög um skipstjórnarréttindi fyrir þá sem stjórna skemmtibátum yfir 6 metrum á lengd. Er Ísland meðal fyrstu ríkja til að innleiða slík lögboðin réttindi. Öllum er heimilt að halda

námskeið fyrir þá sem næla vilja sér í slík réttindi. Til réttinda þarf bæði skriflegt og verklegt próf en hvorutveggja er í höndum Siglingastofnunar.

Íslandsmót kjölbáta fór fram í Hafnarfirði. Tíu bátar tóku þátt í mótinu og voru sigldar 5 umferðir. Minnsti báturinn, Dögun, sigldi af miklu öryggi og sigraði með yfirburðum. Dögun vann einnig Íslandsbikarinn og Reykjavíkurmótið. Hlýtur árangur þeirra að teljast glæsilegur.

Kayak

Árið var ágætt hjá kayakmönnum. Nýtt félag gekk í raðir SÍL á árinu, Kajakklúbburinn Kaj á Neskaupsstað og bjóðum við þá velkomna. Eitt-hvað virðist hafa dregið úr keppnisáhuga í straumvatni hjá ræðurum en við vonum að úr rætist á næsta ári. Kayakklúbburinn í Reykjavík hefur haldið fjölmörg námskeið á síðasta ári auk þess sem góð þátttaka hefur verið í félagsröðri félagsins

Aðstöðumál

Enn þokast í rétta átt í húsnæðismálum siglingafélaga. Nú rís nýtt hús Ýmis við Fossvog og er ætlunin að það verið nothæft í vor. Mun þá félagið flytja úr bráðabirgðaaðstöðu sinni í nýja og betri aðstöðu. Á Akureyri er komin biðstaða í nýframkvæmdir eins og svo víða í þessu árferði.

Eigi að síður þá hafa þeir fengið inni í fyrrum rækjuvinnslu Samherja, þar hafa þeir bæði góða fundaraðstöðu og góða aðstöðu til geymslu og viðgerða á bátum. Með tilkomu húsnæðisins hefur Nökkvi hrint af stað átaki við bátasmíðar og viðhald fyrir Akureyringa.

Á Neskaupsstað hefur verið stutt við bakið á Kajakklúbbnum Kaj og hafa þeir fengið aðstöðu fyrir starfsemi sína.

Hörmungasaga húsnæðis félaganna í Reykjavík heldur enn áfram. Höfuðstöðvar bæði Brokeyjar og Kayakklúbbsins eru í gámum en að auki hafa félögin aðstöðu í stríðsminjum í Nauthólsvík. Öllum hugmyndum um nýtt siglingahús í Nauthólsvík hefur verið slegið á frest.

Norræna siglingasambandið 2008

Góð mæting var á fund Norræna siglingasambandsins (SKSF) í Kaupmannahöfn og voru fulltrúar frá öllum aðilum hóps G innan ISAF. Farið var yfir lista frambjóðenda til nefnda innan ISAF og frambjóðendum forgangsraðað fyrir stjórn ISAF sem mælir síðan með endanlegri uppstillingu. Litlu munaði að Birgir Ari yrði í 2. sæti um tilnefningu til Regional Games Committee en hann er fyrsti kostur hópsins nú.

Nokkrar breytingar eru væntanlegar á stjórn ISAF og beðið er eftir framboðum til að velja öfluga menn til stjórnarstarfa.

Sameiginleg niðurstaða fundarins um báta fyrir OI 2012 var eftirfarandi.

Men 's One Person Dinghy	Laser
Men 's One Person Dinghy Heavy	Musto Skiff
Men 's Two Person Dinghy	470
Men 's One Person Dinghy High Perf.	49er
Men 's Windsurfer	Neil Pride RX
Men 's Keelboat	Star

Women 's One Boat Dinghy	Laser
Women 's Two Person Dinghy	29xx
Women 's Windsurfer	Neil Pride RX
Women 's Keelboat Match Racing:	SB3 með belg*

*ef ekki er sérsníðaður bátur

Það er sameiginleg ósk okkar að bátur verði hannaður til keppinnar.

Samþykkt var að allar þjóðir myndu senda inn tillögur þessa efnis til að styrkja málstaðinn fyrir ISAF fundinn í haust.

Enn var rætt um nýjan Nordisk Folkebaad sem setja á fram í sam-einingu.

Tvö atriði sem snúa að okkur Íslendingum eru nú komin á betri veg. Vegna ferðakostnaðar með báta á Norðurlandamót var samþykkt að Íslendingar fengju skaffaða báta á öll Norðurlandamót. Á þennan hátt er búið að draga mikið úr kostnaði við slíka þátttöku. Nú er það í höndum siglingafélaganna að halda uppi barna- og unglingastarfinu.

Nokkur umræða var um keppendaskort á Norðurlandamóti barna og unglunga og var helst talið að það væri vegna þess að það væri ekki á ákveðnum tíma sumars. Þannig ættu keppendur erfitt með að skipuleggja sig fyrir sumarið. Ákvörðun um tímasetningu verður tekin á næsta fundi.

Einnig var samþykkt að koma á einhverskonar ungmennaskiptum fyrir þá sem ekki flokkast undir toppsiglara.

Tillagan barst frá Íslandi og miðaði að því að búa til markmið eða „gulróti“ fyrir þá sem ekki væru endilega bestu siglararnir. Þá tillögu þarf að útfæra nánar og fellur það í hlut SÍL að gera það.

Úlfur H. Hróbjartsson, formaður SÍL

Skýrsla um samnorrænan fund hjá fræðslu- og kennslunefndum norrænu þjóðanna

Fundurinn var haldinn í Brøndby í Danmörku þann 7. - 8. október 2008
Fulltrúar voru frá
Íslandi, Noregi, Danmörku, Finnlandi, Svíþjóð.

Helstu málefni sem rædd voru:

- Uppbygging þjálfarakennslu hjá löndunum og var hvert land með smá fræðslu og sýnishorn af þeirra efni.
- Hvernig á að fá fleiri góða þjálfara í sportið og halda þeim þar?
- Hvernig er hægt að bæta samstarf þjóðanna í þjálfarakennslu?
- Hver er framtíð Norðurlandamótsins í kænusiglingum?

Það er gaman að segja frá því að það er mikill hugur í frændþjóðum okkar hvað varðar uppbyggingar- og fræðslumál. Það kom fljótlega fram í umræðunum að við hér á klakanum erum ekki eina þjóðin sem líður fyrir skort á „góðum“ siglingakennurum og -þjálfurum. Það var mikið rætt um það hversu mikilvægt það er að eiga góða þjálfara og kennara. Danmörk, Svíþjóð og Finnland eru komin mjög langt á veg með góða kennslu fyrir þjálfara og er bæði kennsluefnið og eftirfylgnin mikil. Norðmenn virðast ekki vera jafn langt á veg komnir með þetta en þó eru þeir komnir mikið lengra en við.

Allar frændþjóðirnar eiga þó tvö stór vandamál sameiginleg.

- Of mikið af reynslumiklum siglurum sem telja sig yfir alla menntun hafna
- Of mikið af foreldrum sem telja sig góða þjálfara

Þetta eru ekki vandamál sem eru að plaga okkur en við getum svo sannarlega komist hjá því að lenda í þeim. Með því einu að byggja strax upp gott kennsluefni og námskeið + „eftirfylgni“.

Það var sameiginleg skoðun að það þurfi að umbuna þjálfurum sem hafa menntun sérstaklega, að það sé besta leiðin til að halda þeim ánægðum og vinnandi.

Þá var líka talað um að það væri ekki vitlaust að byggja upp sameiginlegan gagnagrunn hjá norrænu löndunum með kennsluefni fyrir siglara, þjálfara og kennara.

Ég lagði fram tillögu frá formanni Siglingasambandi Íslands honum Úlfi Hróbjartssyni um að koma á lagginar vefsíðu sem stuðlaði að skipti-nemasamböndum á milli landanna. Þar sem klúbbar eða meðlimir klúbbanna hýstu og fæddu skiptinema í ákveðinn tíma. Þetta gætu hverjir þeir sem áhuga hafa á siglingum nýtt sér. Hvort sem það eru siglarar, þjálfarar eða bara afi gamli sem langar til að gera við báta. Þessari tillögu var tekið mjög vel og voru fulltrúar landanna mjög opnir fyrir þessu. Enda ekki mikill kostnaður á bak við þetta. En það þarf samt heimasíðu og einhvern til að sjá um hana. Okkur var falið að hanna þá hugmynd og útfæra betur.

Stóra umræðan var um unglínganorðurlandamótið 12-18 ára

Stóru þjóðirnar eru að lenda í miklum vandræðum með unglínganorðurlandamótið aðallega vegna fjölda þátttakenda og mikils umstangs vegna mótsins. Og er nú svo komið að þjóðirnar vilja síður halda þessu móti í sinni mynd. Þarna er mikil pólitík í gangi því Optimist-

sambandið er gríðarlega sterkt og er þetta mót sennilega það sterkasta á eftir heimsmeistaramótinu. Það var sameiginleg ályktun hjá öllum fulltrúum þjóðanna að sá gríðarlegi þrýstingur, sem kemur aðallega frá foreldrum og Optimistsambandinu, um að ná árangri er ekki hollur fyrir börnin né íþróttina í heild sinni. Og var lagt til að reyna að fjarlægjast þetta mót í þeirri mynd sem það er.

Í stað unglínganorðurlandamótsins voru lagðar fram hugmyndir um sameiginlegar æfingabúðir hjá Norðurlöndunum.

- Þar sem lögð yrði áhersla á að æfa siglingar og ljúka hverjum degi með móti en ekki að draga það saman í keppni
- Þar væri lögð áhersla á ungmennaandann þar sem þátt-takendur myndu taka þátt í ýmsum verkefnum, jafnvel húsverkum, eldamennsku og kvöldvökum
- Þar yrði lögð áhersla á að byggja upp vináttu
- Þetta yrði fyrir siglara á aldrinum 12-15 ára
- Þarna væri vettvangur til að þjálfarar gætu hist og rætt málin
- Bátar: Optimist, Zoom, Laser4,7 Feva, seglbretti

Þá komu líka fram hugmyndir um að færa aldursmörkin á unglíngum ofar. Það er að segja að unglíngameistaramót yrði frá sirka 13-21 árs. Þannig væri hægt að færa mörkin á þessum krítiska aldri sem hættir að sigla ofar.

Í heildina var þetta mjög fróðleg og skemmtileg ráðstefna og án efa gagnleg. Þessar þjóðir eru að hugsa mjög svipaða hluti. Það er að segja:

- Efla menntun þjálfara og kennara
- Gera siglingar skemmtilegri fyrir ungvíðið
- Draga úr álagi á unga keppnissiglara
- Auka norrænt samstarf

Hörður Elís Finnbogason

Ársfundur Alþjóða siglingasambandsins

Í byrjun nóvember sótti undirritaður ársþing og aðalfund Alþjóða siglingasambandsins ISAF í Madrid á Spáni. Hvert Ólympíuár er kosningarár hjá sambandinu og litaði það nokkuð störf þingsins. Þrátt fyrir kosningaskjálftann voru unnin venjuleg nefndarstörf og þar sem gestum gafst kostur á að fylgjast með umræðunni. Þar sem nefndirnar eru margar varð undirritaður að velja milli nefnda og urðu eftirtaldar nefndir fyrir valinu: Youth and Development Committee, Equipment Committee og Events Committee. Connect to Sailing kynnti líka verkefni sín og hugmyndir um sameiginlegt kennslukerfi fyrir siglingar. Council eða fulltrúaráð kom saman í tvo daga og tók endanlega ákvörðun um flest þau málefni sem fjallað hafði verið um í nefndum.

Einnig var fundur hjá Scandinavian Sailing Federation þar sem farið var yfir afstöðu Norðurlandanna í þeim málum sem lögð voru fyrir fulltrúaráðið og farið yfir valið á þeim frambjóðendum sem í kjöri voru til aðalstjórnar ISAF.

Youth and Development.

Líkt og búast mátti við var litaðist fundur Y&D af yfirvofandi kosningum og aðallega voru fluttar skýrslur um það sem áunnist hafði og lítið var um framtíðarsýn. Tim Coventry frá Connect to Sailing gerði þó stuttlega grein fyrir sameiginlegri kennsluskra aðildarþjóða ISAF, (sjá Connect to Sailing).

Cathy Foster frá Bretlandi gerði grein fyrir niðurstöðum sínum um hvernig fjölga megi sjálfbodaliðum. Benti hún fyrst og fremst á aðferða-fræði RYA sem sjá má á heimasíðu RYA:

<http://www.rya.org.uk/WorkingWithUs/volunteers/Pages/volunteers.aspx>

Síðar voru kynntar nýjar aðildarþjóðir að ISAF og vakti koma Írana einna mesta athygli. Þar í landi var ákveðið að stofna siglingasamband og voru keyptir hátt í hundrad bátar af ýmsum gerðum til að koma starfinu af stað. Sérstaklega fannst Írönum þetta hentug íþrótt fyrir þá sem bera líkamlegan skaða af stríðum þeirra Írana og konur sem klæðst geta hefðbundnum klæðnaði við íþróttina.

Clair Frost fjölmiðlafulltrúi ISAF kynnti nýjan vef sem ISAF rekur í samvinnu við Yachts and Yachting: Newtosailing.com. Þar geta þeir sem vilja læra að sigla fengið upplýsingar um hvert skuli leita í þeirra heimalandi auk þess sem mikið er af alls kyns fróðleik um siglingar sem birst hefur í blaðinu Yachts and Yachting.

Afleiðingar þess að fjölbolungum var úthýst af Ólympíuleikunum er að fjölbolungasamböndin hafa þjappað sér saman um að þróa og kynna bátana fyrir nýjum notendum. Brian Philips kynnti átak þeirra og hvernig þeir hyggjast bjóða þeim þjóðum sem ekki stunda fjölbolungasiglingar upp á aðstoð sína. SÍL hefur nú þegar fengið slíkt tilboð.

Optimist er enn við sama heygarðshornið, útbreiddasti bátur í heimi og stendur í ströngu við að breiða enn betur út boðskapinn. Hjá þeim er enn tilboðið um að kaupa 6 Optimista og borga fyrir 5.

Open Bic var með skemmtilega kynningu á þeirra starfi. Báturinn kom fyrst á markað árið 2006 og hefur átt gífurlegum vinsældum að fagna og þá sérstaklega í Frakklandi. Þeir hafa haldið tvö alþjóðleg Open Bic Cup mót, það fyrra árið 2007 og sóttu þá 40 þátttakendur mótið og árið 2008 voru þeir orðnir 70. Mót þessi eru með óhefðbundnu sniði, ekki er keppt eftir ólympískum brautum heldur er fyrst og fremst horft til þess að skemmta þátttakendum. Meðal annars er fjársjóðsleit og startað frá ráslinu í landi.

Auk þess voru Mirror og Kadet með stutta kynningu og er þess virði að minna á þá báta því báða má kalla einhvers konar Ikea báta. Hægt er að kaupa kit og smíða heima. Báðir hafa þann kost að í þeim geta kynslóðirnar sameinast og siglt saman. Kannski ekki versta leiðin til að komast á sjó nú á tímum.

Siglingadómarar hafa tekið það fyrir á fundum sínum að reyna að milda áhrif sín og kærurherbergisins í siglingakeppnum barna og unglinga. Kærufundur og salarkynni þeirra geta verið yfirþyrmandi fyrir unga keppendur og er því beint til dómara um allan heim að sýna nærgætni í samskiptum við yngri kynslóðina.

Árið 2010 verða haldnir Ólympíuleikar æskunnar í Singapúr. Keppt verður á seglbretti og Byte Cll. Keppt verður bæði í stúlkna- og drengjaflokki á aldrinum 15-16 ára. Ekki er enn ákveðið hvernig á að velja til keppni þar sem Byte er ekki það útbreiddur en m.a. hefur verið rætt um að nota Laser 4.7. Nánari fréttir verða af því seinna.

Connect to Sailing

ISAF training program

Síðastliðið ár hefur Connect to Sailing unnið að námsskrá fyrir siglingar. Ekki aðeins er hér á ferð skrá um námsefni heldur leiðbeiningar fyrir siglingasambönd um hvernig best er að byggja upp siglingakennslu.

Námsskráin er unnin upp úr námsskrám Frakka og Breta. Skráin er ekki fullklárud og verður endanlega gefin út í vor. Ætlunin er að allir geti nálgast skrána ókeypis á vef ISAF. Nú þegar er uppkast að skránni komið á vefinn þar sem hægt er að nálgast hana í nokkrum hlutum.

<http://www.sailing.org/learnertosail.php>

Helstu markmið með kennsluskránni eru:

Að siglingafélög og skólar kenni eftir sameiginlegum staðli.

Að siglingakennarar hafi svipaða menntun.

Sameiginlegt námsefni.

Til að þessi markmið geti gengið upp þarf að hafa virkan kennslustjóra hjá siglingasamböndunum og siglingafélögum. Einnig þarf fjármagn en í sjálfu sér ætti slíkt prógramm að geta staðið undir sér með sölu á námsgögnum og námskeiðsgjaldi.

Í framhaldi af útgáfu á námsskrá ISAF mun sambandið votta þau siglingasambönd sem fara eftir námsskránni og siglingaklúbba sem uppfyllt hafa helstu atriði kennsluskrárinnar. Ætlunin er að þeir sem hljóti vottun geti borið merki ISAF sem gæðastimpil á þeirri þjónustu sem þar er í boði. Vottunin er ekki skylda en getur hjálpað siglingasamböndum og félögum þeirra til að hljóta aukna styrki. Gert er ráð fyrir að nákvæm lýsing á því sem til þarf verði birt vorið 2009. Vottunin mun kosta eitthvað og þarf að endurnýja hana á tveggja ára fresti. Hægt verður að fá aðstoð frá ISAF við að koma kerfinu á.

Equipment Committee

Að venju tók nefndin fyrir umsóknir bátasambanda um að fá ISAF-viðurkenningu fyrir tegundirnar. Stærðarmunur var nokkur á tegundunum, stærstir voru Maxi bátar en minnstir voru Open Bic. Flest samböndin komust inn með því skilyrði að vinna aðeins í reglum sínum. Hér skiptir mestu máli að skilgreina mælingar þannig að bátarnir verði sambærilegir innan sambandsins. Með ISAF-stimplinum fær viðkomandi tegund rétt til að halda heimsmeistaramót.

Einnig var tekin fyrir tillaga um að 29xx yrði báturinn sem notaður yrði í tvíliðakeppni kvenna á Ólympíuleikunum 2012 og var sú tillaga samþykkt úr nefndinni til ráðleggingar til allsherjarráðs, Councils.

Event Committee

Að vanda lá margt fyrir nefndinni. Fyrir utan að tilnefna báta fyrir Ólympíuleikana 2012 og ýmis önnur mál þá var greint frá stöðu mála og undirbúning vegna heimsleikanna í siglingum í Perth 2011. Á leikumum í Perth verða flestir sem öðlast þátttökurétt á Ólympíuleikum 2012. Fátækari þjóðum verður boðið upp á æfingabúðir fyrir leikana í Perth og er von mín að við sæjum íslenska siglara þar. Viðburðarnefndin gerði líkt og tækjanefndin og mælti með að 29xx yrði fyrir valinu sem tveggja manna kænna kvenna á Ólympíuleikum 2012.

Aðalfundur

Eins og lög gera ráð fyrir var kosin ný aðalstjórn sambandsins í ár enda Ólympíuár.

Á aðalfundi var kosin ný framkvæmdastjórn. Eins og áður sagði var mikið ráðabrigg um hverja ætti að kjósa og hvers væri að vænta af þeim. Norðurlöndin lögðu á ráðin með forseta alþjóðasambandsins um að finna honum trausta samstarfsmenn. Því miður fóru kosningarnar á annan veg en vonir stóðu til. Önnur mál sem afgreidd voru á þingi voru tilnefningar í nefndir á vegum sambandsins. Einn Íslendingur var tilnefndur og var það Birgir Ari Hilmarsson sem tilnefndur var í Regional Games Committee. Tekur hann þar sæti Páls Hreinssonar. Birgir Ari er þaukunnur störfum ISAF og því einstaklega góður fulltrúi fyrir Íslands hönd.

Seglanúmer fyrir kænur

Borið hefur á að seglanúmer vanti á kænur sem tekið hafa þátt í mótum á vegum SÍL.

Er þar helst um að kenna að reglur um seglanúmer hafa ekki verið skýrar og óljóst hver ber ábyrgð á réttum merkingum segla.

Það kerfi sem var í gangi gekk út á að Optimistar hefðu tveggja stafa númer á eftir ISL, Laser hefði seglanúmer sem væri framleiðslunúmer á skrokk báts á eftir stöfunum ISL. Ætlunin var að Topper Topaz hefði svo þriggja stafa númer á eftir ISL.

Erfitt reyndist að fylgja þessu kerfi eftir og birtust alskyns númer á þeim bátum sem keppt hafa.

Til að einfalda kerfið og eftirfylgni er komin fram tillaga um að siglingafélögum verði úthlutað númeraröð sem þeir geta notað á sín segl. Félagin bera síðan ábyrgð á því að þeir bátar sem sendir eru til keppni séu með rétt merkt segl.

Úthlutunin er sem hér segir:

Brokey	ISL 100-150
Ýmir	ISL 200-250
Þytur	ISL 300-350
Umf Snæfell	ISL 400-450
Sæfari	ISL 500-550
Nökkvi	ISL 600-650
Knörr	ISL 700-750

Samkvæmt þessu kerfi skiptir einu hverrar tegundar báturinn er heldur ræður félagið hvaða báta hafa hvaða merkingu. Tiltölulega auðvelt er að rífa gömlu númerin úr seglunum. Aðlögunartími er 1 ár.

STÆRÐ OG STAÐSETNING MERKINGA:

Optimist

Samkvæmt reglum alþjóða Optimistsambandsins.

1. Hæð stafa 230 mm til 240 mm
2. Breidd (á ekki við "1" eða "l") 150 mm til 160 mm
3. Þykkt 30 mm 40 mm

Landsmerking (ISL) á að vera í sömu línu báðum megin seglsins.

Merking á stjórnborða á að vera nær framfaldi en sú á bakborða Seglanúmerið sjálf á að vera í tveimur línur fyrir neðan landsmerkinguna. Númerið stjórnborðsmegin á að vera fyrir ofan númerið bakborðsmegin.

Eftirfarandi gildir um bil á milli stafa og lína.

4. Bil á milli stafa og númera á að vera 40 mm til 50 mm
5. Línubil á að vera 40 mm til 50 mm
6. Bil milli landsmerkinga á sitthvorri hlið seglsins á að vera 100 mm til 150 mm
7. Fjarlægð frá framfaldi að næsta bóksaf eða tölustaf skal vera 150 mm í hverri línu
8. Bil milli neðri brúnar efsta sprekholfs og landsmerkingar næst afturfaldi skal vera 40 mm til 50 mm

LASER

Samkvæmt reglum alþjóða Lasersambandsins skulu segl vera merkt

með landsmerkingu og framleiðslunúmeri eða ISAF númeri (fer eftir framleiðsluári) þess báts sem þau eru á. Aðstæður hér á landi gera okkur erfitt fyrir að fylgja þessum reglum eftir. Nokkuð er um að fleiri en eitt segl hafi sama númer. Því er heimilt að velja númer eftir því kerfi sem SÍL hefur úthlutað félögum. Sammerkt með báðum kerfum er eftirfarandi.

Seglanúmerin fyrir Standard og Radial skulu að minnsta kosti vera:

Hæð 300 mm

Breidd 200 mm (fyrir utan 1 og l)

Þykkt 45 mm

Bil á milli stafa 50 mm

Jafnt bil á að vera á milli stafa

Seglanúmerið skal vera í einni línu. Númer stjórnborðsmegin skulu vera fyrir ofan númer á bakborðshlið.

Seglanúmerin fyrir 4.7 skulu að minnsta kosti vera:

Hæð 220 mm

Breidd 150 mm (fyrir utan 1 og l)

Þykkt 30 mm

Bil á milli stafa 40 mm

Jafnt bil á að vera á milli stafa

Seglanúmerið skal vera í einni línu. Númer stjórnborðsmegin skulu vera fyrir ofan númer á bakborðshlið.

Topper Topaz

Engar alþjóðlegar reglur eru til um seglamerkingar á Topper Topaz en eftirfarandi skal gilda hér á landi.

Seglanúmerin skulu að minnsta kosti vera:

Hæð 300 mm

Breidd 200 mm (fyrir utan 1 og l)

Þykkt 45 mm

Bil á milli stafa 50 mm

Jafnt bil á að vera á milli stafa

Seglanúmerið skal vera í einni línu. Númer stjórnborðsmegin skulu vera fyrir ofan miðsprek og númer á bakborðshlið fyrir neðan miðsprek.

Nýjar alþjóðlegar lyfjareglur

Frá og með áramótum tóku nýjar alþjóðlegar lyfjareglur gildi. Með upptöku nýrra reglna er lögð áhersla á tvo hluti, þ.e.a.s. staðfestu og sveigjanleika. Staðfestan kemur fram í möguleika til að dæma harðari refsingu sé brotaviljinn einbeittur og árangursbætandi áhrif misnotkunar varanleg. Með sveigjanleika er m.a. átt við aukna möguleika til að greina á milli ólíkra afreksstiga og hópa þar sem ólíkar reglur geta átt við hina mismunandi flokka íþróttamanna.

Það eru nokkur atriði sem lyfjaeftirlit ÍSÍ vill áréttta. Sumt af því hefur breyst með upptöku nýju lyfjareglanna, annað ekki.

Eins og áður eru það íþróttamenn, eða aðrir einstaklingar, sem ábyrgð bera á því að vita hvað telst brot á lyfjareglum og vita hvaða efni og aðferðir eru á bannlistanum. Mikilvægt er að sérsambönd séu vel að sér í þeim reglum sem viðkomandi íþróttagrein setur í lyfjaeftirlitsmálum. Með nýjum alþjóðlegum lyfjareglum skapast aukið svigrúm til sérsambanda og stórmótshaldara til að setja eigin reglur sem eiga eingöngu við viðkomandi grein eða mót.

Ekki eru nein neðri mörk á aldri þeirra sem boðaðir eru í lyfjapróf. Ef iðkendur undir 18 ára aldri stunda æfingar eða keppni ber að upplýsa þá og foreldra um að þar með gangist þeir undir þær reglur sem gilda um lyfjaeftirlit.

Nú um áramót verður hætt að senda bréfleiðis tilkynningar til íþróttamanna og sérsambanda þegar niðurstaða liggur fyrir. Tilkynningar verða settar á heimasíðu lyfjaeftirlits ÍSÍ um próf og niðurstöður þeirra. Eins og áður er haft samband svo fljótt sem auðið er við viðkomandi íþróttamann, greinist eitthvað óeðlilegt í sýni, jafnframt er sérsambandi og félagi viðkomandi tilkynnt um niðurstöðuna.

